

Hafnarreglugjörð

fyrir

Hafnarfjarðarkaupstað.

Stjórnarráð Íslands hefir 8. desember 1908 gefið út svofelda hafnarreglugjörð fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.

I. Hafnargjald.

1. Af öllum skipum (að undanteknum þeim, er síðar getur um), sem mæld eru til lestatafs, 8 smálestir og þar yfir, hvort sem þau eru hlaðin vörum, með seglfestu eða eru tóm, skal greiða hafnargjald af öllu farmrúminu í hvert sinn, er þau leggjast við akkeri eða aðrar festar, fyrir innan línu, er hugsast dregin úr Balakletti í Hvaleyrarhöfða, eftir að þau hafa komið frá útlöndum eða ef um skip ræðir, er fara að eins hafna í milli innanlands, þá er þau hið fyrsta skifti á árinu leita inn á höfnina, þannig:

- a. af skipum, sem eiga heima í Hafnarfirði, 3 aura af hverri smálest.
- b. af öðrum skipum 5 aura af hverri smálest.

Þá er skip flytur á land vörur, eða tekur úr landi vörur eða farþega, geldur það ennfremur 2 aura af hverri smálest, hvort heldur það er innan- eða utanbæjar, innan- eða utanríkiseign.

Hafnargjöldin og önnur gjöld þau, er ræðir um í reglugjörð þessari, renna í hafnarsjóð Hafnarfjarðarkaupstaðar.

2. Hafni skip sig oftast en einu sinni á árinu á Hafnarfjarðarhöfn, greiðast gjöldin eigi að fullu nema í fyrsta skiftið, en að eins með helmingi hin önnur skiftin.
3. Af þiljubátum minni en 8 smálesta greiðist ekki hafnargjald, hvort heldur eru seglbátar, mótorbátar eða gufubátar.

II. Aukagjöld.

Skip þau öll, sem lagt er á Hafnarfjarðarhöfn í vetrarlegu, eða liggja þar um lengri tíma á öðrum tíma árs (að minsta kosti 1 mánuð), hvort heldur eru útlend eða innlend, skulu greiða í legugjald 20 aura fyrir smálest hverja. Skip, sem eiga heima í Hafnarfirði, greiða þó gjald þetta að eins hálf.

Skip, sem liggja 6 mánuði eða alt að árlangt á höfninni samkvæmt III. kafla, greiði í legugjald 30 aura fyrir smálest hverja.

142
8. des.

III. Geymsluskrokkar.

Skipum, sem eru notuð til geymslu, er að eins leyfilegt að leggja á höfnina utanverða, minst 100 föðmum fyrir framan línu, er hugsast dregin milli Fiskakletts og Skiphóls. Skip þessi skulu liggja fyrir traustum grunnfærum, 3 festum og akkerum, er sje tengd saman í sigurnagla, og úr honum 2 festar inn í skipið. Í skipinu á hentugum stað, helst á þilfarinu, skal liggja svo mikil keðja, að auðvelt sje hvenær sem með þarf, að gefa út 20 faðma.

Hafnarnefnd kveður að öðru leyti nánar á um hvar slíkum skipum skal lagt, og samþykkir gildleika festa og lengd, þyngd akkera þeirra, er lagt er fyrir o. s. frv.

Nú sannar eigandi geymsluskips með vottorði tveggja óvilhallra manna, er útnefndir sjeu af hafnarnefnd, að skip hans sje svo þjett, að ekki stafi nein hættu af hvað leka snertir, þó að það sje mannaust, þá er honum leyfilegt að leggja skipinu án þess að menn sjeu í því á þeim tíma árs, er ekki verður heimitað ljós á skipunum. Í skipum þessum sjeu á öðrum tímum árs að minsta kosti tveir menn, er haldi vörð, er hafnarnefnd tekur gilda.

Ljós skal tendra í skipum þessum og hljóðbendingar skulu gjörðar eftir reglum þeim, er getur um í alþjóðar-sjöferðareglunum fyrir skip, er liggja fyrir akkeri.

IV.

Heimilt skal að leggja yfir veturinn mannausum skipum, svo lengi sem rúm á höfninni endist, að dómi hafnarnefndar. Skip, sem eiga heima í Hafnarfirði, ganga fyrir skipum, er eiga heimilisfang utan Hafnarfjarðar.

Um leyfi til þess ber að sækja til hafnarnefndar, sem vísar á stað, þar sem leggja skal; og skal öllum skipum lagt undir umsjón manns, er hafnarnefnd felur það starf, og til þess er álitinn vel hæfur. Skipum, sem lagt er mannausum vetrarlangt eða um skemri tíma, má ekki leggja fyrir utan línu, er hugsast dregin milli Fiskakletts og Skiphóls.

Engu skipi má leggja mannausu án leyfis hafnarnefndar, eða án umsjónar þess manns, sem hafnarnefnd til þess kys.

Skipum, sem lagt er mannausum, hvort heldur til vetrarlegu eða um skemri tíma, skal leggja fyrir traustum grunnfærum, er hafnarnefnd tekur gild, eða umsjónarmaður í hennar umboði. Þeim skal leggja þannig, að í sína átt liggi hver festi og skulu akkeri vera 3, með ekki skemri festi við hvert þeirra, en 30 föðmum, er liggja við botn. Skal þeim síðan tengt saman í einn traustan sigurnagla, og liggi aftur keðjur úr honum upp í skipið, ekki styttri en 15 faðm-

142 ar hvoru megin. Öll laus trje skulu tekin niður eða færð inn í skipið, svo sem
8. des. stengur, rár og klýverbómur. Þegar skip liggur þannig mannlaust, skal ekki sjaldnar en einu sinni á hverjum mánuði farið út í það, til þess að líta eftir hvort legufæri hafa haggast eða bilað, og ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt sem audið er.

Frá reglum þessa kafla gefst engin undanþága, nema með sérstöku leyfi hafnarnefndar og eftir meðmælum umsjónarmanns þess, sem skipaður er til að hafa eftirlitið á hendi. Nánari reglur um lagningu slikra skipa, sem hjer er um að ræða, gefur hafnarnefnd í hvert skifti eða felur umsjónarmanni skipanna. Umsjónarmaður sá, er hafnarnefnd ræður til að leggja skipunum og hafa umsjón með þeim að vetrinum, skal hafa í þóknun 4 kr. af hverju skipi, og greiða útgerðarmenn skipanna gjald þetta.

V. Undanþágur frá hafnargjaldi.

1. Öll herskip og skemtiskip, hverrar þjóðar sem eru, eru undanþegin hafnargjaldi.
2. Öll skip danskra þegna, sem eru að fiskiveiðum við strendur landsins, eru undanþegin hafnargjaldi, ef þau afferma ekki nje ferma annað en það, er veiðar þeirra og útbúnað snertir. Þó skulu þau greiða aukagjald það, er um ræðir í II. kafla. Svo eru og undanþegin hafnargjaldi skip, er leita hafnar vegna sjóskemda, enda þótt farmur þeirra hafi verið fluttur á land, ef þau flytja hann allan á burt aftur og ekki annað.

VI. Notkun hafnarinnar.

Fiskiskip og önnur skip, sem ferma eigi eða afferma, eða fermslu eða affermslu er lokið við, eða ekki byrjað á, skulu eftir nánara ákvæði hafnarnefndar liggja svo á höfninni, að þau ekki tálmi fermslu eða affermslu verslunarskipa eða annara skipa, sem þurfa að flytja farm frá landi eða á land.

VII. Almenn ákvæði.

Seglfestu, ösku, kolum frá gufuskipum, eða öðru, sem valdið getur skemdum á höfninni, má ekki kasta útbyrðis, og heldur ekki flytja á land annarsstaðar en þar, er lögreglustjóri leyfir.

Skip, sem liggja á höfninni til að taka á móti nýjum fiski, mega ekki kasta fiskiúrgangi útbyrðis á höfninni fyrir innan línu, er hugsast dregin frá

Fiskakletti í Skiphól, hvort heldur er innýfli, hausar eða hryggir úr fiski, heldur **142** skal þeim skylt að flytja slíkan úrgang út fyrir umgetna línu, ef hann ekki er 8. des. hagnýttur á annan hátt.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. janúar 1909 og skal endurskoðað fyrir 1. janúar 1916.

Í stjórnarráði Íslands, 8. desember 1908.

Í fjarveru ráðherra

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.

Reglugjörð

143
10. des.

um útflutning hrossa.

1. grein.

Öll skip, sem flytja hross frá Íslandi til útlanda, skulu fullnægja þeim fyrirmælum um umbúnað hrossanna, sem sett eru með reglugjörð þessari.

Sje um önnur skip að ræða en þau, sem ganga eftir fastri áætlun milli Íslands og útlanda, skal skipstjóri skýra lögreglustjóra skriflega frá, til hvers skipið hafi áður verið notað, og hafi það verið notað til hrossaflutnings annarsstaðar en frá Íslandi, skal sóttreinsa það á kostnað skipseiganda, ef þörf þykir. Ekki má flytja á sama skipi samtímis hesta frá öðrum höfnum en á Íslandi.

2. grein.

Hross má ekki flytja á þilfari frá Íslandi til annara landa á öðrum tíma árs en frá miðjum júní til ágústmánaðarloka.

3. grein.

Hrossin skal hafa í stíum svo traustgjörðum, að ekki bili, þótt þeir hestar, sem í eru, kastist í sjógangi á veggina. Breidd stíanna sje lítið eitt meiri en hestlengdin og jötubreidd til samans; lengdin sje 6 álnir. Í hverri stíu mega ekki vera fleiri en 6 hross og skal hvert um sig bundið traustlega með múlbandi.